



## Verkefnarammar

Markmið verkefnaramma Náttúruskóla Reykjavíkur er að gera útikennslu að hefðbundnum þætti skólastarfsins og virkja sem flesta nemendur og kennara til að starfa utandyra. Útikennsla getur með þeim hætti mótað yfirbragð skólans og sérkenni hans og verið hluti að langtíma markmiðum í skólastarfinu.

Verkefnarammar Náttúruskóla Reykjavíkur taka til stærri hluta skólastarfsins þar sem fleiri en einn nemendahópur eða bekkjardeild geta tekið þátt í verkefninu á sama tíma.

Þáttökuskólinn setur sér markmið í útikennslunni og afmarkar sér viðfangsefni. Náttúruskóli Reykjavíkur aðstoðar við aðlögun útinámsins að þörfum þáttökuskólans en hlutverk hans er fyrst og fremst að styðja kennara og aðra starfsmenn í að ná þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér.

Leitið upplýsinga hjá verkefnisstjóra Náttúruskóla Reykjavíkur.

Hengið blaðið upp  
sem veggspjald!

## Dagskrá fyrir nemendur

Haustið 2006 býður Náttúruskóli Reykjavíkur upp á útikennslu fyrir hvert stig grunnskólans á grænum svæðum borgarinnar.

Markmið:

- Að vinna með nemendum og kennurum þeirra úti í náttúrunni
- Að opna augu þátttakenda fyrir umhverfi sínu í gegnum útikennslu
- Að nýta opin svæði Reykjavíkur til fræðslu fyrir skólabörn

Tekið er á móti bekkjum ásamt umsjónarkennara og dvalið við leik og störf í náttúru Reykjavíkur. Skólinn sér um flutning nemenda á kennslustað en verkefnisstjóri Náttúruskóla Reykjavíkur sér um kennsluna.

Nemendur koma með eigið nesti en Náttúruskólinn býður upp heita hressingu. Dagskráin er skólum að kostnaðarlausu.

Skólar fá sendar upplýsingar um dagskránnu en hún er einnig auglýst á vef Náttúruskóla Reykjavíkur.

Nánari upplýsingar og skráning á vef Náttúruskóla Reykjavíkur  
[www.natturuskoli.is](http://www.natturuskoli.is) eða í síma 411 8535.

## Námskeið fyrir kennara

Einu sinni í mánuði býður Náttúruskóli Reykjavíkur upp á námskeið í útikennslu fyrir kennara og aðra sem vinna með börnum á leik- og grunnskólaaldri. Með námskeiðunum vill Náttúruskólinn koma á móts við kennara, leiðbeinendur og aðra sem vilja tileinka sér kennsluaðferðina.

Markmið:

- Að kynna útikennslu sem kennsluaðferð
- Að efla kennara og aðra til að auka þátt útikennslu í starfi sínu
- Að benda á möguleika útikennslu í mismunandi námsgreinum
- Að benda á möguleika útikennslu fyrir ólík aldersstig skólakerfisins

Námskeiðin eru haldin í fyrstu viku hvers mánaðar. Þau eru stutt og hnitmiðuð og fara fram útivið á ólíkum stöðum í Reykjavík eftir því sem hentar viðfangsefninu hverju sinni. Náttúruskóli Reykjavíkur fær til liðs við sig fjölbreyttan hóp sérfræðinga til að sjá um fræðsluna.

Námskeiðin verða auglýst á vef Náttúruskólans [www.natturuskoli.is](http://www.natturuskoli.is) auk þess sem grunn- og leikskólar fá sendar upplýsingar um hvaða námskeið eru á döfinni.

Nánari upplýsingar og skráning á vef Náttúruskóla Reykjavíkur  
[www.natturuskoli.is](http://www.natturuskoli.is) eða í síma 411 8535.

